

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar



Efling, kraftur, áráði – Ábyrgðin er okkar

“Brettum upp hendur”

Atli Þórsson

Umdæmisféhirðir 2009-2010

Álfaheiði 1b, 200 Kópavogur

S: 5641836/8250442

atlith@islandia.is / www.kiwanis.is

Skýrsla umdæmisféhirðis fyrir janúar 2010 – mars 2010, flutt á umdæmisstjórnarfundi 16.apríl 2010

Frekar rólegt hefur verið hjá umdæmissféhirði á skýrslutímabilinu. Starfið hefur fólgið í því að heimsækja klúbba og svæðisráðstefnur sem hefur verið einka ánægjulegt og greiða reikninga.

Innheimta innlendra og erlendra gjalda.

Reikningar fyrir seinni hluta (40%) innlendra gjalda verða sendir til klúbbana eftir helgi. Reikningar miðast við félagafjölda 31.03.2010, endagi er 31.maí. Ég skora á klúbbana að standa sig eins vel í að greiða seinni hluta innlendu gjaldana og þann fyrri eða 100% greiðsla. Ekki er vitað hvernig innheimta á erlendu gjöldunum stendur því hún er alfarið í höndum KI. En íslenska umdæmið mun fá senda greinargerð frá KI um greiðslustöðu klúbbana og mun í framhaldi af því hafa samband við klúbbana (svæðisstjóra) ef þörf er á. Aldrei verður nógu mikil áhersla lögð á að halda vel utan um fjölda klúbb félaga því reikningar fyrir innlendu og erlendu gjöldunum byggir á þeim upplýsingum sem klúbbanir senda til umdæmisins. Þetta á líka við um að reikningar berist ekki til rétta aðila klúbbana (ritari/gjaldkeri). Því hér gildir það sem sagt er á góðri stundu „Rubbish in rubbish out“.

Greiðsla reikninga og fjárhagsleg staða.

Peningaleg staða íslenska umdæmisins er góð og hefur verið hægt að greiða reikninga á réttum tíma eftir stífa og nákvæma skoðun hins aðhaldssama umdæmisféhirðis. Uppgjör fyrir október 2009-mars 2010 liggur fyrir og vísast í það þegar það verður flutt hér á eftir.

Að lokum vill umræmisféhirðir þakka sérdælis ánægjulegt samstarf sem hann hefur á við alla þá sem hann hefur leitað til og þurft að hafa samstarf við inn íslenska umdæmisins.

Með Kiwaniskveðjum